

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 126/2029
komudagur 24.4.2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

24. apríl 2001

Tilvísun: 2001040030

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands.

Með bréfi, dags. 10. apríl sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 675. mál. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu eru með því lagðar til breytingar á starfsemi Seðlabanka Íslands sem munu leiða til að bankinn verði sjálfstæðari en áður og geti þannig betur sinnt stjórnun peningamála. Eru bankanum sett skýr markmið um að tryggja stöðugt verðlag.

Fjármálaeftirlitið styður meginefni frumvarpsins. Skýrari markmið í starfsemi bankans og aukið sjálfstæði eru breytingar sem samræmast reynslu annarra þjóða og eru til þess fallnar að stuðla enn frekar að stöðuleika í efnahagsmálum og á fjármálamarkaði.

Í frumvarpinu og athugasemdum með því kemur vel fram hversu mikilvægt er að gott samstarf sé á milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um skyld verkefni, svo sem verið hefur. Að sama skapi er það ein grunnforsenda að vel takist til í því samstarfi að skýr verkaskipting ríki, þ.e. að sem minnstur vafi leiki á því hvaða hlutverki hvor aðili gegni við þær aðstæður sem ríkja á hverjum tíma og jafnframt að aðilum á fjármálamarkaði og öðrum stjórnvöldum sé þessi verkaskipting ljós. Frumvarpið og athugasemdir með því virðast miða að framangreindu. Skal eftirfarandi getið í þessu sambandi:

Í 12. gr. er kveðið á um heimild Seðlabankans til að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana. Réttilega er bent á það í greinargerð með frumvarpinu að á vissan hátt sé um varúðarreglur að ræða og megi færa rök fyrir því að setning þeirra ætti að vera í höndum Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið gerir þó ekki athugasemd við þessa skipan, en bendir á mikilvægi þess að við mótun og endurskoðun reglna um laust fé verði áfram náði samstarf. Jafnframt skal tekið fram að Fjármálaeftirlitið telur það hlutverk sitt að fylgjast með eftirfylgni fjármálafyrirtækja við reglur sem Seðlabankinn setur, líkt og aðrar reglur sem settar eru opinberlega um starfsemi eftirlitsskyldra aðila.

Í 29. gr. er kveðið á um rétt Seðlabanka Íslands til að afla milliliðalaust upplýsinga frá þeim sem eru í viðskiptum við bankann, auk fyrirtækja í greiðslumiðlun og annarra fyrirtækja eða aðila sem lúta opinberu eftirliti með starfsemi sinni, sbr. lög um eftirlit með fjármálastarfsemi. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um rétt Seðlabankans til að afla upplýsinga frá hverjum sem er vegna hagsskýrslugerðar. Ákvæði 1. mgr. kveður á um víðtækari upplýsingarétt en núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir, þ.e. frá fleiri aðilum en lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu. Virðast þessar auknu heimildir beinast fyrst og fremst að því að styrkja hlutverk bankans við að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, og varða aðila sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, svo sem

vátryggingafélag, vátryggingamiðlara, lífeyrissjóði, kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði. Mikilvægt er að beiting þessara heimilda, ef að lögum verða, leiði ekki til misskilnings eftirlitsskyldra aðila um verkaskiptingu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans.

Með 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild Seðlabanka Íslands til að beita lánastofnanir viðurlögum í formi dagsekta hlíti þær ekki reglum bankans um bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð. Rétt þykir í þessu sambandi að benda á að skv. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins er Seðlabankanum heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum, og er þá samkvæmt frumvarpinu ekki heimilt að beita slíka aðila dagsektum ef út af er brugðið.

Sérstaklega er kveðið á um í sömu málsgrein að reglur um viðurlög skuli kynntar Fjármálaeftirlitinu, lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum. Ekki er þörf á að kveða sérstaklega á um kynningu á þessum reglum gagnvart Fjármálaeftirlitinu, fremur en öðrum reglum sem Seðlabankinn setur samkvæmt lögnum, en Fjármálaeftirlitinu er ætlað að fylgjast með eftirfylgni þeirra. Mikilvægt er að gott samráð sé milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um mótun reglna sem gilda um starfsemi lánastofnana og fleiri aðila, en nægilegt ætti að vera að tryggja slíkt samráð í samstarfssamningi, líkt og nú er gert.

Í sömu málsgrein er kveðið á um að bankanum sé heimilt að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið að leggja til við viðskiptaráðherra að viðkomandi stofnun verði svipt starfsleyfi. Rétt er að benda á að sjaldnast mun það verða talin næg ástæða til starfsleyfissviptingar að aðili fylgi ekki einum eða fleiri þeirra reglna sem Seðlabankinn setur. Þá er áréttað það sem áður er fram komið að Fjármálaeftirlitið telur það óaðskiljanlegan þátt í eftirliti sínu að hafa eftirlit með framfylgni við reglur sem Seðlabankinn setur, enda ber því að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda. Brot á þeim reglum væri því ávallt liður í mati Fjármálaeftirlitsins á því hvort leggja skuli til við ráðherra að fella starfsleyfi niður. Sé gengið út frá því að samstarf Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins verði áfram jafn náðið og gert er ráð fyrir í lögum, virðist niðurlag 2. mgr. 37. gr. því óþarft.


Að öðru leyti vill Fjármálaeftirlitið benda á að í 2. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 37. gr. er hugtakið fjármálastofnun notað án skilgreiningar. Fjármálaeftirlitinu er ekki kunnugt um að hugtakið hafi skilgreinda merkingu að lögum.

Virðingarfyllst,



Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason